



Valgreinakynning - 10. bekkur fyrir veturinn 2021-2022

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	2
Vikustundir veturinn 2021-2022	4
Hvernig fer valið fram?	5
Afreksfólk	7
Allir með	8
Árshátíðarmyndband Hagaskóla	9
Bíó-prjón	10
Bíó-vitund	11
DOÐRANTURINN	12
Endurnýting	13
ENSK2AA05	14
Fjármálafræðsla	15
Fótboltasaga í nútímaljósi hnattvæðingar	16
Franska og frönsk menning	17
Heimilisfræði – matur, menning og hollusta	18
Hljóðfærasmíði (Tónlistarverksmiðja)	19
Hönnun glermuna	20
Hönnun og smíði	21
Ítalska	22
	2

Jóga Nidra	23
Jóga og núvitund.....	24
Kvikmyndatónlist (Tónlistarverksmiðja).....	25
Leir og list.....	26
Myndmennt	27
Náms- og starfsfræðsla	28
Nemendafulltrúar	29
Raftónlist.....	30
Skapandi skrif.....	31
Sköpun (Tónlistarverksmiðja)	32
Stærðfræði A.....	34
Stærðfræði B.....	35
Stuðningur í íslensku.....	36
STÆR2AA05.....	37
Textíll.....	39
Unglingamyndir 10. áratugarins.....	40
Upplýsinga- og tæknimennt.....	41
Upptökur og hljóðvinnsla (Tónlistarverksmiðja).....	42

Vikustundir veturinn 2021-2022

	KLST
ÍSLENSKA	4
STÆRÐFRÆÐI	4
ENSKA	3
DANSKA	3
SAMFÉLAGSFRÆÐI	2
NÁTTÚRUFRÆÐI	2
LesUm	1,67
ÍÞRÓTTIR/SUND	2
VAL	3

Hvernig fer valið fram?

10. bekkur 2021-2022

Nemendur í Hagaskóla óska eftir valgreinum fyrir næsta skólaár í gegnum tengil sem foreldrar fá sendan í gegnum tölvupóst. Valgreinar eru kenndar ýmist hálf tæða allt árið, eina tæða tvær klukkustundir á viku.

Nemendur eiga að velja sem nemur þremur kennslustundum allt árið. Val þeirra getur verið innan skóla og utan (sjá metið val bls. 6). Ef nemendur kjósa að velja metið val er nauðsynlegt að það gerist strax. Foreldrar undirrita þar til gert eyðublað og með því samþykkja þeir að taka ábyrgð á að nemandi stundi nám utan skólans eins og heimild er fyrir í grunnskólalögum.

Opnað verður fyrir valið mánudaginn 3. maí kl. 17:00. Foreldrar fá sendan tengil í tölvupósti og er mikilvægt að þeir séu með börnum sínum þegar valið fer fram. Þegar ákveðinn hópur fyllist lokast fyrir hann og þá er ekki lengur hægt að velja þann hóp. Mikilvægt er að nemendur jafnt sem foreldrar kynni sér vel hvað er í boði og lesi gaumgæfilega yfir lýsingarnar í þessum bæklingi. Því miður er aldrei hægt að verða við óskum allra en reynt er að koma til móts við nemendur eins og hægt er. Undirbúið ykkur vel og reynið að velja eins fljótt og mögulegt er.

Þar sem ekki kemur fram nafn kennara undir valgreininni er það vegna þess að ekki er ákveðið á þessari stundu hver muni kenna greinina.

Ekki er í boði að velja sömu list- eða verkgrein oftár en einu sinni þótt boðið sé upp á hana oftár í viku bæði fyrir og eftir áramót. Þetta er til að tryggja að sem flestir fái tækifæri til að velja viðkomandi grein. Pláss í list- og verkgreinum takmarkast við stærð kennslustofanna og eru því færri sem komast að í þá hópa en flestar aðrar greinar.

Framhaldsskólaáfangarnir í stærðfræði og ensku eru kenndir tvisvar sinnum í viku og því er einungis hægt að annan þeirra.

Metið val

Samkvæmt grunnskólalögum er heimilt að meta skipulagt nám sem stundað er utan grunnskóla, t.d. við tónlistarskóla, sem hluta af grunnskólanámi samkvæmt nánari útfærslu í aðalnámskrá grunnskóla. Stundi nemandi slíkt nám er viðkomandi sveitarstjórn ekki skylt að standa straum af kostnaði sem af því leiðir þótt námið njóti viðurkenningar í stað skyldunáms. Jafnframt er heimilt að meta tímabundna þátttöku í atvinnulífi, félagslífi, íþróttum eða skipulögðu sjálfboðastarfi sem nám, enda falli það að markmiðum skólastarfs.

Nemandi getur fengið metna eina, tvær eða að hámarki þrjá kennslustundir á viku að meðaltali allt skólaárið. Því getur farið svo að nemandi í 10. bekk velji enga valstund í skólanum. Fyrir hverja metna valstund utan skólans þarf að stunda nám/íþróttir undir stjórn kennara/þjálfara, í tvær klukkustundir. Þannig þarf sá nemandi sem ætlar að fá þrjár stundir metnar sem metið val að iðka/ æfa/ a.m.k. sex klukkutíma á viku.

Foreldrar nemenda sem velja þessa leið þurfa að skila staðfestingu á náminu, íþróttaiðkun eða öðru með undirskrift sinni á þar til gert eyðublað, tvisvar á ári og bera ábyrgð á að því sé framfylgt.

Fyrirvari

Tekið skal fram að allar upplýsingar um val eru settar fram með fyrirvara um breytingar og villur. Gera verður ráð fyrir lágmarks- og hámarksþátttöku í öllum valgreinum og því er ekki víst að allir komist að í þeirri valgrein sem þeir velja.

Afreksfólk

Helstu viðfangsefni

Árangur byggir ekki aðeins á líkamlegri getu. Gott hugarfar og góður andi eða samstarfshæfni geta einnig skipt höfuðmáli. Með markvissri þjálfun andlegra þátta styrkjum okkur fyrir lífið og þátttöku í samfélaginu um leið og við aukum möguleika okkar á að blómstra. Viðfangsefni námskeiðsins verður tengt; áhugahvöt, markmiðasetningu, félagsfærni, sjálfstrausti og leiðtogahæfni.

Hæfniviðmið

Að loknu námskeiði á nemandi að geta:

- hugleitt og tjáð hver hann er í augum sjálfs sín og annarra, útskýrt hvernig sjálfsmýnd hans mótast.
- rökstutt gildi jákvæðra lífsviðhorfa, dygða og gildismats, sem mikilvægs þáttar í heilbrigðri sjálfsvitund.
- sýnt styrk til að bera ábyrgð á eigin lífi, lífsháttum og heilbrigði.

Námsmat

Byggir á ástundun, frammistöðu í tímum og verkefnum.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t skólaárið

Kennari

Hörður Þórisson

Allir með

Helstu viðfangsefni

Að deila áhugamálum og unglingamenningu með nemendum af erlendum uppruna eða þeirra sem læra íslensku sem annað tungumál í skólanum.

Markmið

Nemendur sem hafa íslensku sem annað tungumál kynnast íslenskum unglingum, þjálfast í íslensku talmáli og samskiptum og öðlast innsýn í menningarheim íslenskra unglunga. Íslenskir nemendur kynnast nemendum frá ólíkum menningarheimum og öðlast þjálfun í samskiptum og félagsfærni.

Markmiðið er einkum að rjúfa félagslega einangrun nemenda af erlendum uppruna á markvissan hátt og veita þeim stuðning í námi og félagslífi. Einnig að gefa íslenskum nemendum tækifæri til að kynnast þessum samnemendum sínum á fjölbreyttan og skemmtilegan hátt og stuðla þannig að samfélagslegri þátttöku þeirra og vellíðan í skólanum.

Leiðir

Nemendur fá sjálfir tækifæri til að móta námskeiðið á hugmyndafundi þar sem áætlun fyrir veturinn verður rædd og ákveðin á lýðræðislegan hátt. Gróf hugmynd að viðfangsefnum eru t.d. leikir og leikræn tjáning, vettvangsferðir á viðburði, nærumhverfið skoðað og kynnt, spil, aðstoð í námi eftir þörfum, matseld, föndur, spjall og þjálfun í íslensku talmáli. Viðfangsefni fara einfaldlega eftir áhugamálum hópsins, t.d. gæti eitt verkefnið verið kynning á áhugamáli. Í hverjum tíma er mikil félagsleg virkni og þátttöku allra krafist.

Námsmat

Mæting, virkni og þátttaka metin. Hér væri hægt að meta lykilhæfni sem snýr að sjálfstæði og samskiptum. Önnur hæfni sem hér er þjálfuð er menningarlausni, í þessu tilfelli læsi á íslenska unglingamenningu fyrir nemendur af erlendum uppruna.

Kennarar

Sigríður Nanna Heimisdóttir og Stefán Gunnar Sigurðsson

Boðið er upp á að velja greinina annað hvort fyrir eða eftir áramót en æskilegt er að velja hvorutveggja þannig að sem flestir séu allt árið.

Árshátíðarmyndband Hagaskóla

Helstu viðfangsefni

Í þessum áfanga sjá nemendur um vinnu við árshátíðarmyndband Hagaskóla. Hér er tækifæri fyrir þá sem hafa áhuga á ýmislegu sem viðkemur kvikmyndagerð að láta ljós sitt skína. Nemendur sjá um leikstjórn, leik, handritsgerð, kvikmynda- og hljóðupptöku ásamt eftirvinnslu. Nemendur bera einnig ábyrgð á að gefa fjölbreyttum hóp nemenda Hagaskóla tækifæri til að koma fram í myndbandinu sem aukaleikarar eða taka þátt í skrifum á grínatriðum (sketskum).

Námsmat

Námsmat byggir á frammistöðu nemenda í tímum, virkni og frumkvæði.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, allt skólaárið.

Kennari

Aðalsteinn H. Oddsson

Bíó-prjón

Helstu viðfangsefni

Nemendur vinna sjálfstætt í prjóni eða eftir eigin prjónauppskrift. Mikið er lagt upp úr sjálfstæði og markmiðið er að nemandinn geri sér hlut út frá eigin hugmyndum. Á meðan nemendur vinna horfa þeir á bíómyndir.

Markmið

að nemandinn:

- læri að gera eigin prjónahlut.
- vinni úr eigin hugmyndum í prjón.
- tileinki sér að horfa á bíó og prjóna.

Leiðir

Lagt er upp með að nemendur vinni sjálfstætt í sínu verkefni. Kennari miðlar aðferðum og leggur til hugmyndir sem nemendur geta unnið með.

Námsmat

Allir þættir námskeiðsins vega jafnt, mæting, þátttaka, sjálfstæði og frumkvæði.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t skólaárið

Kennarar

Brynja Emilsdóttir, Guðrún Lárusdóttir

Bíó-vitund

Helstu viðfangsefni

Nemendur kynna nokkrum bíómyndum sem hafa skilaboð til okkar um hvernig við getum lifað lífinu sem best. Við veltum fyrir okkur hvernig þú getur orðið besta útgáfan af þér og liðið vel í eigin skinni. Umræður og vangaveltur um setningar (e. quotes) sem koma fyrir í bíómyndunum.

Markmið

Að nemandinn

- kynnist mættinum í því að við sköpum okkar eigið líf.
- kynnist ýmsum fræðandi bíómyndum.
- eigi samtali um hvernig við getum lifað lífinu sem best.
- skilji máttinn í því að öllu sem við veitum athygli vex og dafnar.

Horfum á ákveðnar bíómyndir og fjöllum um þær. Kennari miðlar ýmsum aðferðum sjálfsræktar og leggur til verkefni. Svo sem hugmyndaspjaldi (e. vision board) og öðrum tilfallandi verkefnum.

Námsmat

Byggir á þátttöku í tímum, og verkefnum

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t skólaárið

Kennari

Brynja Emilsdóttir

DOÐRANTURINN - Skólablað Hagaskóla

Helstu viðfangsefni

Í þessum áfanga læra nemendur hvernig blað verður til og vinna að gerð skólablaðs. Nemendur ákveða í sameiningu hvað verður í skólablaðinu og útlit þess. Kennnd verða undirstöðuatriði blaðamennsku t.d. að skrifa stuttar fréttir og fjalla um atburði tengda skólalífínu, taka viðtöl og vinna með efni tengt eigin áhugasviði.

Grunnþættir menntastefnunnar *Látum draumana rætast* eru hafðir að leiðarljósi í kennslunni en þeir eru:

- félagsfærni
- sjálfsefning
- læsi
- sköpun
- heilbrigði

Námsmat:

Námsmat miðast við þátttöku í tímum, samvinnu og skil á skólablaði.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku allt skólaárið

Kennari

Karl Sigtryggsson

Endurnýting

Helstu viðfangsefni

Endurnýting á fatnaði og öðrum textílefnum. Nemendur nýti eigin hugmyndir til að hanna nýtt upp úr gömlu, nemendur hugi að og læri að tileinka sér að vinna með gamlan fatnað og annan efnivið.

Markmið

að nemandinn:

- hugi að endurnýtingu.
- skoði efnivið allt í kringum sig sem hægt er að endurnýta.
- vinni úr eigin hugmyndum/teikningum.
- búi til/taki upp snið af flík eða fylgihlut.
- saumi eigin flík eða fylgihlut.
- læri að lita og nota einfaldar þrykkaðferðir.
- verði meðvitaður um endurnýtingu.
- kynnist aðferðum við að gera nýtt úr gömlu.

Leiðir

Skoðum leiðir endurnýtingar, hvað sé hægt að nýta og hvernig? Flík eða fylgihlutur er saumaður upp úr endurnýttum efnivið. Einnig verður unnið með verkefnið, ný peysa verður til úr gamalli, samstarf við Rauða krossinn. Þar verður unnin hugmyndavinna og kynntar leiðir til þess að vinna með, litun, þrykkja, útsaumur eða breyta eða bæta. Lagt er upp með að nemendur vinni sjálfstætt í sínu verkefni. Kennari miðlar aðferðum og leggur til hugmyndir sem nemendur geta unnið með.

Námsmat

Allir þættir námskeiðsins vega jafnt, þátttaka, hugmyndavinna, úrvinnsla, sjálfstæði og frumkvæði.

Tímar á viku

Ein kennslustund á viku, hálf t skólaárið.

Kennari

Guðrún Lárusdóttir

ENSK2AA05

Helstu viðfangsefni

Valáfanginn **enska að hætti framhaldsskólans** er unninn í samstarfi við MH. Hann er hugsaður fyrir nemendur sem standa mjög vel að vígi í ensku en vilja styrkja sig enn frekar fyrir nám á fyrsta ári framhaldsskólans. Kennsla tekur mið af markmiðum og námsefni fyrsta enskuáfanga MH (ENS2AA05). Lokapróf er tekið í MH og geta nemendur fengið áfangann metinn þegar þeir hefja nám í framhaldsskóla.

Nemendur ættu ekki að velja þennan valáfanga nema að hafa náð framúrskarandi hæfni í ensku.

Markmið

Markmið áfangans taka mið af áfangalýsingum fyrsta áfanga MH.

Námsefni

Focus on Vocabulary 2 – Mastering the Academic Word List

Margvíslegar smásögur

Animal Farm – George Orwell

Námsmat

Vinnueinkunn fá nemendur fyrir heimavinnu, vinnu í kennslustundum, kaflapróf og skil á verkefnum. Vinnueinkunn gildir 50% af lokaekunn. Lokapróf er haldið í maí í MH.

Tímar á viku

Tvær klukkustundir á viku, allt skólaárið.

Kennari

Sigurbjörn Valdimarsson

Fjármálafræðsla

Helstu viðfangsefni

Tilgangurinn með námskeiðinu er að nemendur átti sig á nauðsyn ábyrgðar í fjármálum og að sumar fjármálaákvæðanir fylgi þeim út lífið.

Markmið

Að nemandinn:

- fræðist um fjármálhugtök.
- þekki sparnað og sparnaðarleiðir
- kynnist heimabönkum og möguleikum þeirra.
- geri sér grein fyrir hver útgjöld meðalfjölskyldu eru og hvernig þau eru samsett.
- geti gert kostnaðaráætlun og haldið bókhald.
- kynnist launum sem eru í boði fyrir mismunandi störf.
- kynnist því hvernig ríkið er rekið og þekki mun á beinum og óbeinum sköttum.
- kynnist lánum, sparnaði, vöxtum og verðbótum.
- skilji kostnað og rekstur heimila.
- skilji kostnað og rekstur bíla.
- kynnist skattskýrslugerð.
- þekki launamiða, launatengd gjöld og skattaútreikninga.

Leiðir

Umræður - Fyrirlestrar - Hópverkefni - Upplýsingaleit

Námsmat

100% vinnueinkunn

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t skólaárið.

Kennari

Edda K. Hauksdóttir

Fótboltasaga í nútímaljósi hnattvæðingar

Helstu viðfangsefni

Saga nútímafótbolta rakin, allt frá verkamönnum í Bretlandi á síðari hluta 19. aldar til TikiTaka boltastíls heims- og Evrópumeistara. Hvernig hefur myndbandsdómgæsla breytt leiknum? Hvað breyttist þegar rangstöðureglan var tekin upp? Breyting leikstíls, áhalda og vallagæða. Bosman-dómurinn og samningsmál leikmanna verða einnig viðfangsefni námskeiðsins, ásamt því hvernig peningar og samfélagsmiðlar eru að breyta leiknum. Af hverju eru umboðsmenn svona valdamiklir? Hvernig verður keppnisumhverfi knattspyrnufólks framtíðarinnar? Mun íslenski draumurinn lifa þegar gamla gengið setur takkaskóna á hilluna?

Hæfniviðmið

Að loknu námskeiði á nemandi að geta:

- aflað sér, hagnýtt, ígrundað og metið upplýsingar um menningar- og samfélagsmálefni, sem birtast í munnlegum flutningi, samræðum, texta og myndrænum búningi
- ígrundað víxlverkun samfélags, stjórnmála, náttúru, trúar og lífsviðhorfa í tímans rás, í samhengi nærsamfélags og hnattvæðingar.

Námsmat

Byggir á ástundun, frammistöðu í tímum og verkefnum.

Tímar á viku

Ein klukkustundir á viku, hálf t skólaárið

Kennari

Hörður Þórsson

Franska og frönsk menning

Helstu viðfangsefni

Markmið með frönskukennslunni er að nemendur kynnist grunnatriðum í byrjendanámi í frönsku. Nemendur munu einnig fá tækifæri til að ræða menningu og landafræði og kynnst nokkrum séreinkennum Frakklands.

Stuðst verður við eftirfarandi námsefni:

- One- day- french - kennslumyndband og tilheyrandi verkefni
- Carte blanche – Lesbók
- Carte blanche – Verkefnablöð
- Gagnvirkir efni af netinu, m.a. [babbel.com](https://www.babbel.com), [duolingo.com](https://www.duolingo.com) ...
-

Námsmat

Símat: Vinna í tímum, skilaverkefni, kynningar og stuttar kannanir.

Lokið/ólókið

Tímar á viku

Ein klukkustud á viku, allt skólaárið.

Kennari

Sigríður Hafstað

Heimilisfræði – matur, menning og hollusta

Helstu viðfangsefni

Alhliða matreiðsla m.a. pottréttir, ofnréttir, smáréttir, ábætisréttir, bakstur, pressugersbakstur, brauðgerð, hnoðuð, þeytt og hrærð deig.

Markmið

Að nemandinn

- auki færni sína við matreiðslu, framreiðslu og vinnuskipulag.
- öðlist undirstöðu á þessu sviði fyrir heimilishald.
- læri að vinna eftir mismunandi uppskriftum.
- átti sig á mikilvægi hreinlætis við meðferð matvæla.
- átti sig á að neyslugæsla er á eigin ábyrgð.
- efli verðskyn sitt.

Námsmat

Námsmat er gefið fyrir frammistöðu í hverjum tíma, virkni og umgengni.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t skólaárið.

Kennari

Irina Daniela Branco Morais

Hljóðfærasmíði (Tónlistarverksmíðja)

Helstu viðfangsefni

Fjallað verður um aðalaðferðirnar við hljóðfærasmíði: strengjahljóðfæri, ásláttarhljóðfæri og blásturshljóðfæri. Unnin verður hugmyndavinna og því næst hafist handa við að smíða hljóðfæri. Þegar hljóðfærin hafa verið smíðuð verður samið tónverk og útsett fyrir hljóðfærin og tekið upp eða flutt á tónleikum.

Skipulag

Tímarnir felast að mestu leyti í verklegri vinnu. Vinna þarf hugmyndavinnu, finna lausnir á vandamálum og loks þarf að smíða.

Markmið

Markmið áfangans er að nemendur öðlist skilning á hljóði og hljóðgjöfum.

Námsmat

Allir þættir námskeiðs gilda jafnt í námsmati sem og mæting, þátttaka og frumkvæði

Tímar á viku

Ein kennslustund á viku, hálf tónleikur

Kennari

Benedikt Hermann Hermannsson

Hönnun glermuna

Helstu viðfangsefni

Farið verður í helstu þætti að baki glerskurði og mósaíklögn. Farið í sögu glerskurðar og steindra glermuna og kennd undirstöðuatriði þeirrar listar. Unnið með ýmisskonar efnivið eins og steina, litað gler, spegla, ljós, víra, keðjur og skartgripafestingar.

Markmið

Að nemandinn geti

- útskýrt hugmyndir sínar fríhendis og með málsettri grunnteikningu.
- valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra.
- Lóðað saman gler eftir eigin teikningu
- beitt viðeigandi vinnustellingum og notað viðeigandi hlífðarbúnað.
- áttað sig á mikilvægi sjálfbærni og að leita vistvænna lausna í efnisvali.
- fengið nokkra innsýn hönnunarsögu.

Leiðir

Einstaklingsmiðuð verkefnavinna þar sem hver og einn vinnur að sínu verkefni undir leiðsögn kennarans.

Námsmat

Ástundun í tíma, virkni og verklagni nemandans.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t skólaárið

Kennari

Rakel Tanja Bjarnadóttir

Hönnun og smíði

Helstu viðfangsefni

Handverk af ýmsu tagi er undirstaða umhverfis okkar. Handverk kemur við sögu hvar og hvenær sem er, t.d. við skurðlækningar, hjá tannlæknum, í iðnmenntun, starfsþjálfun af ýmsu tagi og víðar.

Markmið

Að nemandinn geti

- útskýrt hugmyndir sínar fríhendis og með málsettri grunnteikningu.
- valið aðferðir, efni og verkfæri við hæfi og sýnt rétta og ábyrga notkun verkfæra.
- smíðað hlut eftir vinnuteikningu.
- unnið með einföld rafmagnsverkfæri t.d. stingsög, borvél, tifsög o. fl.
- beitt viðeigandi vinnustellingum og notað viðeigandi hlífðarbúnað.
- áttað sig á mikilvægi sjálfbærni og að leita vistvænna lausna í efnisvali.
- fengið nokkra innsýn í byggingasögu og hönnunarsögu.

Leiðir

Einstaklingsmiðuð verkefnavinna þar sem hver og einn vinnur að sínu verkefni undir leiðsögn kennarans.

Námsmat

Ástundun í tíma, virkni og verklagni nemandans.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t skólaárið

Kennari

Rakel Tanja Bjarnadóttir

Ítalska

Helstu viðfangsefni

Kennd eru undirstöðuatriði ítalskrar tungu auk þess sem nemendur fá innsýn inn í menningu Ítalíu. Í kennslustundum er miðað að því að þjálfa nemendur í að tjá sig við einfaldar aðstæður, skilja einfalt mál, þjálfa hlustun, ritun og æfa framburð. Farnar eru fjölbreyttar leiðir til að ná þessum markmiðum þannig að komið sé til móts við mismunandi hæfileika og áhugasvið nemenda. Unnið verður með ítalska tónlist, horft á myndbönd og eldaður ítalskur matur.

Markmið

Að nemandinn:

- Læri undirstöðuatriði í ítölsku
- Geti tjáð sig við einfaldar aðstæður
- Kynnist menningu og þjóð

Námsmat:

Fjölbreytt verkefni

Kennslustundafjöldi:

Ein klukkustund í viku allt árið

Kennari:

Drífa Guðmundsdóttir

Jóga Nidra

Helstu viðfangsefni

Jóga nidra er leidd djúpslökun. Nidra þýðir svefn og jóga þýðir eining. Í jógískum svefni eða jóga nidra sofna líkaminn en meðvitundin er vakandi. Líkaminn fær djúpa hvíld og hugurinn ró. Iðkunin er sérstaklega áhrifarík til að vinna ofan af streitu og kvíða og talið er að 30 mínúta iðkun jafnist á við 4 tíma svefn. Nærandi og slakandi tímar þar sem þú finnur líkamlega og andlega vellíðan. Þú liggur undir teppi og lætur fara vel um þig og nýtur leiðsagnar sem leiðir þig inn í djúpa kyrrð og hvíld.

Markmið

- kynnast jóga nidra djúpslökun
- að losa streitu og bæta svefn
- að bæta andlega og líkamlega vellíðan

Leiðir

- tilfallandi æfingar
- samtal og fræðsla
- að bæta andlega og líkamlega vellíðan

Námsmat

Byggir á þátttöku og mætingu í tímum.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t skólaárið.

Kennari

Brynja Emilsdóttir

Jóga og núvitund

Helstu viðfangsefni

Nemendur kynna undirstöðuatriðum í jóga, núvitund og hugleiðslu. Sífelld fleiri, í hraða og streitu nútímasamfélagsins, nýta sér jóga og slökun til að ná tengingu við líkama og sál.

Markmið

Að nemandinn

- læra grunnstöður jóga
- kynna aðferðum til eflingar og sjálfstyrkingar
- kynna aðferðum til þess að losa um kvíða og streitu
- að bæta andlega og líkamlega vellíðan

Leiðir

- jógastöður og flæði í hverjum tíma
- samtal og fræðsla
- hugleiðsluslökun í lok hvers tíma

Námsmat

Byggir á þátttöku og mætingu í tímum og tilfallandi verkefnum

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf skólaárið.

Kennari

Brynja Emilsdóttir

Kvikmyndatónlist (Tónlistarverksmiðja)

Helstu viðfangsefni

Fjallað verður um þekktustu kvikmyndatónskáldin sem samið hafa þekktustu verk kvikmyndasögunnar. Einnig verður fjallað um konur í kvikmyndatónlistarsögunni og sérstaklega farið í verk Hildar Guðnadóttur. Aðalverkefni áfangans verður að semja tónlist við nokkur myndbrot, bæði fyrirfram ákveðin sem og að eigin vali.

Skipulag

Tímarnir skiptast á milli fyrirlestra um efnið og skipandi vinnu.

Markmið

Markmið áfangans er að nemendur þekki helstu kvikmyndatónlist sögunnar, hugmyndir tónskáldanna og vinnuaðferðir. Einnig að nemendur öðlist skilning á þeirri kvikmyndatónlist sem er alltumlykjandi í okkar samtímamenningu.

Námsmat

Allir þættir námskeiðs gilda jafnt í námsmati sem og mæting, þátttaka og frumkvæði.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf tónskólaárið

Kennari

Benedikt Hermann Hermannsson

Leir og list

Helstu viðfangsefni

Á námskeiðinu munum við kynna leirlistamönnum tuttugustu aldar, bæði konum og körlum. Kynna nokkrum sem létu til sín taka í leirlistinni og hafa unnið með leirinn, þróað sína aðferð í mótun, brennslu og glerung og gerðar verða tilraunir og unnið bæði að gerð nytjahluta og hluta okkur til ánægju og skemmtunar. Áhugavert væri að skyggna í heim leirlistarinnar og skoða tengslin við aðrar listgreinar s.s. bókmenntir, myndlist, tónlist og kvikmyndir.

Markmið

Að nemandinn

- Kynna leir og meðhöndlun hans í mismunandi aðferðum.
- Kynna listaköngul og -körlum í tengslum við stefnu og sögu leirlistar.
- Öðlist hæfni til að túlka og dæma leirverk á upplýstan og greinargóðan hátt.
- Verði fær um að útfæra og vinna frá hugmynd að fullmótuðu verki.

Leiðir

- Skoðum á vefnum mótun og sögu listaverka og kynnumst listamönnum þeirra.
- Heimsækjum jafnvel listasöfn, gallerí og/eða listamenn.
- Almennar umræður í hóp um viðfangsefnið hverju sinni.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf tónskólaárið

Kennari

Gunnhildur Ólafsdóttir

Myndmennt

Helstu viðfangsefni

Nemendur vinna á hefðbundinn hátt í myndlistarnámi með áherslu á hugmyndavinnu, ítarlegri skissugerð, verklegri útfærslu, frágangi og skilum. Umræða og rýni eins og kostur er.

Hæfniviðmið

Að nemandinn

- þekki til vestrænnar nútímalistar m.t.t. hugmyndavinnu og fjölbreyttrar tækniútfærslu.
- þekki a.m.k. tvo til þrjá erlenda og íslenska myndlistarmenn, lífshlaup þeirra , verk, sögu og tækni.
- velji verkefni með tilliti til efnis og útfærslu í samráði við kennara.
- sæki söfn, sýningar, skoði vefsíður og vefsýningar tengdar myndlist.
- geti gengið frá myndverki til sýningar.

Verkefni og kennslutilhögun tengd þessum hæfniviðmiðum:

- Teikning utandyra í nánasta umhverfi, m.t.t. myndbyggingar, forma og ljóss/skugga viðfangsefnis.
- Notkun blýanta, krítar og kola fyrir mismunandi áferð og mismunandi pappír.
- Listasaga – safnaheimsókn og veraldarvefur nýttur – vinna í anda heimsóknar á safn.
- kynnst verkefnum tveggja erlendra og íslenskra listamanna m.t.t. stefnu og hugmyndavinnu.
- Hugmyndavinna, skissugerð, litaval og úrvinnsla.
- Málun akrýllitir, þekjulitir, þrykk og mótun þrívíddarverka úr t.d. pappír, leir eða öðru.
- Listagagnrýni eigin verka og annarra.

Námsmat

Í myndlist eru myndverk og ástundun metin m.t.t. frumkvæðis, hugmynda, útfærslu verka og frammistöðu nemenda.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t. skólaárið.

Kennari

Sesselja Tómasdóttir

Náms- og starfsfræðsla

Helstu viðfangsefni

Þessi valgrein er kjörin fyrir þá sem vilja kynna sér betur hvað er í boði eftir að grunnskólanámi lýkur. Nemendur taka áhugasviðspróf og fyrir þá sem ekki vita hvar áhugasvið þeirra liggur þá gæti þessi valgrein jafnvel komið þeim á sporið. Ýmis verkefni unnin sem stuðla að ígrundun hvers og eins fyrir val á námi að loknum grunnskóla. Farið verður í vettvangsheimsókn ef því verður komið við.

Markmið

Að nemandinn

- kynni sér framhaldsskólakerfið.
- þekki mun á áfanga- og bekkjarkerfi .
- þekki námsframboð framhaldsskólanna.
- skoði eigin áhugasvið.
- fái kynningu á atvinnulífínu.
- kanni störf og starfsgreinar.

Námsmat

Við námsmat er horft til virkni í kennslustundum og verkefna nemenda

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t skólaárið.

Kennarar:

Áslaug Pálsdóttir

Nemendafulltrúar

Helstu viðfangsefni

Undanfarin ár hafa 10.bekkingar sótt um að vera nemendafulltrúar og starfið hefur farið fram utan skólatíma og ekki verið metið sem hluti af vali. Næsta skólaár mun starf nemendafulltrúa vera metið sem val. Þeir sem hafa áhuga á að starfa sem nemendafulltrúar þurfa að skila stuttri greinagerð á skrifstofu skólans fyrir 15. maí n.k. og svara eftirfarandi spurningum:

Hvers vegna vilt þú verða nemendafulltrúi í Hagaskóla? Hvaða hugmyndir hefur þú sem gætu orðið til þess að nemendum líði betur í Hagaskóla?

Verkefni nemendafulltrúa:

- að styrkja samband milli árganga. - sinna jafningjafræðslu. - taka þátt í umræðum um mál sem skipta máli í skólastarfinu t.d. um jafnrétti, líðan, samskipti, hinsegin mál, geðrækt, einelti, námið og annað sem þeim finnst skipta máli. - að vera fyrirmyndir fyrir aðra nemendur í skólanum og leggja sitt af mörkum til þess að hafa jákvæð áhrif á það. - sinna hópefli og stuðla að því að nemendum líði vel í Hagaskóla. - taka þátt í hugmyndavinnu um þemaverkefni og önnur verkefni innan skólans. - stuðla að vinabekkjahittingum. - stuðla að nemendalýðræði. -

Námsmat

Góð þátttaka og virkni.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku allt skólaárið (gæti teygst út fyrir það)

Umsjónarmenn

Aðalsteinn H. Oddsson

Raftónlist

Helstu viðfangsefni

Í áfanganum verður einblínt á raftónlist og saga raftónlistar skoðuð; helstu straumar og stefnur kynntar. Leiðbeinandi mun kynna fyrir nemendum ýmis hljóðfæri, forrit og smáforrit sem hægt er að nota við gerð raftónlistar og munu nemendur spreya sig á lagasmíðum í kjölfarið. Einnig mun leiðbeinandi hvetja nemendur til þess að taka upp hljóð og kanna hina ýmsu möguleika til þess að breyta þeim hljóðum með því að nota tölvur og ýmis konar búnað.

Markmið

- Að kynna margbreytileika raftónlistar og áhrif hennar í samtímatónlist.
- Að nemendur kynnist nýjum leiðum til að búa til tónlist.
- Að nemendur fá tækifæri til þess að búa til sína eigin raftónlist.
- Að þroska með nemendum öguð vinnubrögð frá hugmynd að verki.

Námsmat

Lögð verður áhersla á sköpunarmátt og frumkvæði, frjóa hugsun og fjölbreytni. Mæting og virkni 80% - Lokaverkefni 20%

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku hálf skólaárið

Kennari

Þórunna D. Björnsdóttir

Skapandi skrif

Helstu viðfangsefni

Viltu æfa þig í að skrifa alls konar texta? Ljóð, örsögur, smásögu, skáldsögu eða handrit að kvikmynd? Eða einfaldlega öðlast meiri færni til að tjá þig á íslensku. Við æfum okkur í að skrifa bréf og hverskyns texta og skoðum brot af áhugaverðum skrifum sem veita innblástur.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku hálf t skólaárið

Kennari

Þórunn Rákel Gylfadóttir,

Sköpun (Tónlistarverksmiðja)

Helstu viðfangsefni

Að ná valdi á sköpun er það mikilvægasta sem hægt er að læra. Í þessum áfanga er farið djúpt í sköpunarferlið, hvernig það virkar, hverjar algengustu hindranirnar eru og hvaða tæki og tól eru gagnleg í baráttunni við þær. Unnið verður að ýmsum ólíkum verkefnum til að kanna ólíkar hliðar sköpunarferlisins. Sem dæmi má nefna ljóðagerð, teikningu, textaskrif, lagasmíðar ofl.

Skipulag

Tímarnir skiptast á milli fyrirlestra um efnið og skapandi vinnu.

Markmið

Markmið áfangans eru að nemendur nái tókum á skapandi vinnubrögðum.

Námsmat

Allir þættir námskeiðs gilda jafnt í námsmati sem og mæting, þátttaka og frumkvæði

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t skólaárið

Kennarar

Benedikt Hermann Hermannsson og Þórunna D. Björnsdóttir

Stærðfræði A

Helstu viðfangsefni

Áfanginn er hugsaður sem aukatími fyrir nemendur sem hafa sýnt fram á góð hæfni í stærðfræði í 9. bekk og hafa metnað til að ná framúrskarandi árangri í stærðfræði í 10. bekk. Markmiðið er að sýna framúrskarandi hæfni og fá blátt hæfnikort. Kennsla og námsefni er ákveðið í samráði við stærðfræðikennara 10. bekkjar.

Tímar á viku

Ein kennslustund á viku hálf t. árið. Æskilegt að velja bæði fyrir og eftir áramót.

Kennarar

Stærðfræðikennarar

Stærðfræði B

Helstu viðfangsefni

Áfanginn er hugsaður sem auka stuðningstími fyrir nemendur sem telja sig þurfa aðeins meiri aðstoð og tíma til að ná hæfni í stærðfræði. Markmiðið er að ná hæfni og fá grænt hæfnikort. Kennsla og námsefni er ákveðið í samráði við stærðfræðikennara 10. bekkjar.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku allt skólaárið. Æskilegt að velja bæði fyrir og eftir áramót.

Kennarar

Stærðfræðikennarar

Stuðningur í íslensku

Helstu viðfangsefni

Valgreinin er ætluð þeim nemendum sem vilja styrkja stöðu sína í íslensku. Lögð verður áhersla á verkefni sem eru til þess fallin að styrkja undirstöðu í málfræði og stafsetningu ásamt því að efla lesskilning. Þessi valgrein er ekki heimanám en ef nemendur telja sig þurfa frekari þjálfun í ákveðnum atriðum tengd námsefninu fá þeir stuðning og verkefni við hæfi.

Námsmat

Vinna og ástundun í tímum verður metin

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku hálf t.árið. Æskilegt að velja bæði fyrir og eftir áramót.

Kennarar

Íslenskukennarar

STÆR2AA05

Helstu viðfangsefni

Í áfanganum er fjallað um mengi, grundvallaratriði í algebru, fyrsta og annars stigs jöfnur, jöfnuhneppi, hnitakerfi, jöfnu beinnar línu, föll, fleygboga, hringi og runur. Lagður er grunnur að vinnubrögðum í stærðfræði, nákvæmni í framsetningu, röksemdafærslum og lausnum verkefna.

Valáfanginn **stærðfræði að hætti framhaldsskólans** er unninn í samstarfi við MH. Hann er hugsaður fyrir nemendur sem standa mjög vel að vígi í stærðfræði en vilja styrkja sig enn frekar fyrir nám á fyrsta ári framhaldsskólans ekki síst á raungreinabrautum. Kennsla tekur mið af markmiðum og námsefni fyrsta stærðfræðiáfanga MH (STÆR2AA05). Lokapróf er tekið í MH og geta nemendur fengið áfangann metinn þegar þeir hefja nám í framhaldsskóla.

Nemendur ættu ekki að velja þennan valáfanga nema að hafa náð framúrskarandi hæfni í stærðfræði.

Markmið

Markmið áfangans taka mið af áfangalýsingum fyrsta áfanga MH.

Kennslubækur

Námsefni sem notað er í fyrsta áfanga MH (STÆR2AA05).

Viðbótarefni frá kennara.

Námsmat

Vinnueinkunn fá nemendur fyrir heimavinnu, vinnu í kennslustundum, kaflapróf og skil á heimadæmum.

Vinnueinkunn gildir 30% af lokaeinkunn. Lokapróf er haldið í maí í MH.

Tímar á viku

Ein klukkustundir á viku, allt skólaárið.

Kennari

Signý Gísladóttir

Teiknimyndir og bókmenntafræði

Helstu viðfangsefni

Í þessari valgrein verður horft á valdar teiknimyndir og þær greindar út frá bókmenntahugtökum og kenningum. Áhersla verður lögð á að sjá teiknimyndir í nýju ljósi og túlka þær fræðilegan hátt. M.a. verður horft á *Konung ljónanna*, *Mulan*, *Svamp Sveinsson* og *Prinsessuna og durtanar*.

Námsmat

Mæting og þátttaka í tímum.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t. árið.

Kennari

Héðinn Árnason

Textíll

Helstu viðfangsefni

Nemendur kynnist aðferðum við að gera eigin flík. Nemendur sníða, sauma og loks lita flíkina eða þrykkja á hana. Farið verður í hinar ýmsu aðferðir innan textílsins. Endurnýting skoðuð og unnið verður nýtt upp úr gömlu. Markmiðið er að nemandinn sjái möguleikana og læri aðferðir og kunni að nýta sér þær.

Markmið

að nemandinn:

- vinni úr eigin hugmyndum/teikningum.
- læri hvernig flík verið til.
- læri að sníða og sauma eigin flík.
- læri að lita og nota einfaldar þrykkaðferðir.
- verði meðvitaður um endurnýtingu.
- kynnist aðferðum að gera nýtt úr gömlu.

Leiðir

Lagt er upp með að nemendur vinni sjálfstætt í sínu verkefni. Kennari miðlar aðferðum og leggur til hugmyndir sem nemendur geta unnið með.

Námsmat

Allir þættir námskeiðsins vega jafnt, mæting, þátttaka, hugmyndaauðgi, sjálfstæði og frumkvæði.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t skólaárið.

Kennari

Guðrún Lárusdóttir

Unglingamyndir 10. áratugarins

Helstu viðfangsefni

Í þessum áfanga verður horft á unglíngamyndir sem komu út á árunum 1990-1999. Rætt verður um þær og þau minni og þemu sem í þeim eru. Myndirnar verða einnig settar í samhengi við tíðarandann, tískuna og tónlistina. M.a verður horft á *Clueless*, *Empire records*, *Ten things I hate about you* og *She's all that*.

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf t árið.

Námsmat

Mæting og þátttaka í tímum

Kennari

Héðinn Árnason

Upplýsinga- og tæknimennt

Helstu viðfangsefni

Nemendur læra að nýta tæknina og átta sig á eðli hennar til auka skilning sinn á henni með það að markmiði að geta hagnýtt þekkingu sína. Nemendur þjálfast í að afla upplýsinga á ýmsu formi og vera læsir á margs konar gögn. Þeir læra að nýta sér upplýsingatækni við uppbyggingu og frágang ritsmíðar, ásamt því æfa færni í fingrasetningu. **Námskeiðið felur í sér tölvunotkun og ætti að gagnast öllum nemendum sem vilja auka færni í ritgerðarsmíðum og annarri stafrænni verkefnavinnu.**

Hæfniviðmið

Að loknu námskeiði á nemandi að geta:

- nýtt tæknibúnað á fjölbreyttan hátt til þekkingaröflunar og miðlunar.
- nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit.
- nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang.
- nýtt hugbúnað/forrit við framsetningu á tölulegum gögnum.
- unnið sjálfstætt og tekið ábyrgð á eigin námsframvindu.
- beitt réttri fingrasetningu.

Námsmat Byggir á ástundun, frammistöðu í tímum og verkefnum.

Tímar á viku

Ein klukkustund í viku, hálf tölvaárið

Kennari Hörður Þórisson

Upptökur og hljóðvinnsla (Tónlistarverksmiðja)

Helstu viðfangsefni

Í þessum áfanga verða skoðaðar upptökuaðferðir sem hafa verið notaðar frá því hljóðupptökur hófust seint á 19. öld og hvernig þær hafa þróast til dagsins í dag.

Nemendur læra undirstöðuatriðin í hljóðupptökum sem og hljóðvinnslu með því að taka upp tónlist að eigin vali og gera hana klára til útgáfu.

Skipulag

Tímarnir skiptast á milli fyrirlestra um efnið og verklegrar vinnu.

Markmið

Markmið áfangans eru að nemendur nái tókum á grunnatriðum í hljóðupptökum og hljóðvinnslu.

Námsmat

Allir þættir námskeiðs gilda jafnt í námsmati sem og mæting, þátttaka og frumkvæði

Tímar á viku

Ein klukkustund á viku, hálf tónskólaárið

Kennari

Benedikt Hermann Hermannsson